



Lestur fræðibóka


Hver er munurinn á sögubókum og fræðibókum?

Sögubækur

Fræðibækur


Eru lesnar hratt	Eru lesnar hægar
Eru lesnar frá upphafi til enda	Ákveðnir kaflar eða greinar lesnar
Höfundur höfðar til lesandans	Höfundar eru ópersónulegir
Auðveldara að skilja erfið orð út frá samhengi	Þarf oft að fletta hugökum upp í orðabók
Stöðluð uppsetning	Margbreytilegri uppsetning
Eru oft skrifaðar í þátið	Venjulega skrifaðar í nútíð
Myndir til skemmtunar frekar en skilnings	Skýringarmyndir, gröf og kort til skilnings sem þarf að skoða vel

Áður en farið er að vinna með nemendum með fræðitexta/bækur þarf kennarinn að kynna þær fyrir nemendum. Gott er að byrja á því fara yfir muninn á sögubókum og fræðibókum (sbr. töflu hér að ofan) og fjalla um tilgang fræðibóka sem er sá að fræða lesendur um eitthvert tiltekið efni. Góð leið er að kennarinn lesi stutta, mismunandi texta eða greinar fyrir nemendur og taki saman innihald þeirra. Eftir að hafa lesið fræðitexta um mýs gæti kennarinn og nemendur unnið saman að hugtakakorti um mýs sem liti út einhvern veginn svona.





Nemendur gætu því næst valið sér fræðigrein eða kennarinn látið nemendur fá texta (fer eftir aldri nemenda) sem þeir vinna upp úr á sama hátt og hugtakakortið um mýsnar. Nemendur geta einnig unnið saman í pörum eða hópum.



Þegar nemendur lesa fræðitexta þurfa þeir að venja sig á að lesa hann á annan hátt en sögu-
texta. Fyrirmæli kennarans gætu verið einhvern veginn á þessa leið:

1. lestu vandlega yfir textann
2. glósaðu á blað eða vinnubók þau orð sem þú skilur ekki
3. lestu kaflann aftur vandlega yfir
4. búðu til nokkrar spurningar úr textanum
5. búðu til hugtakakort byggt á textanum.

Gagnvirkur lestur (Rósa Eggertsdóttir) nýtist mjög vel við lestur fræðitexta og ættu kennarar að þjálfa nemendur í gagnvirkum lestri í skólanum og hvetja þá til að nota hann heima þegar þeir lesa.



Notkun heimilda

Þegar nemendur fara að vinna í staðreyndaritun er mikilvægt að þeir læri að nota heimildir. Gott væri að fá bókasafnsfræðing skólans til að kenna nemendum að leita á bókasafni og í bókum til dæmis að kenna þeim að nota efnisyfirlit og atriðisorðaskrár. Þá er líka mikilvægt að kenna nemendum að nota Netið sem heimild og fara yfir það með þeim hvað eru áreiðanlegar heimildir á Netinu og hvað ekki. Hvernig leitar maður á markvissan hátt á Netinu þannig að tíminn fari ekki allur í að vafra fram og til baka og sitja uppi í lokin með lítið sem ekkert? Það fer eftir aldri nemenda hversu mikil áhersla þarf að vera á heimildanotkun og nákvæmni tengda henni.

Ritun hefst

Þegar komið er að því að rita um eitthvert efni er mikilvægt að nemendur geri sér grein fyrir hvað þeir vita um efnið og hvað þeir vilja vita um það.

Hvað veit ég um efnið?

Hvað vil ég vita um efnið?
